

Ársskýrsla Æskulýðsnefndar Harðar 2023-2024

Formaður æskulýðsnefndar Harðar 2022-2023 er Hrafnhildur Jóhannesdóttir en með henni í nefndinni eru þau Brynjar Már Valdimarsson og Margrét Eðvarðsdóttir.

Nefndin hefur starfað í góðu samstarfi við Sonju Noack starfsmann hestamannafélgings Harðar en hún heldur utan um allt námskeiðshald meðal annarra starfa fyrir félagið.

Kynningar viðburða fóru fram í gegnum heimasíðu félagsins og á facebook síðu æskulýðsnefndar.

BLING – föndurnámskeið

Vetrarstarfið hjá Æskulýðsnefnd Harðar hófst síðasta haust með BLING-föndurnámskeiði. Hver og einn þátttakandi fékk ennisól sem hann skreytti sjálfur með kristalsteinum. Virkilega góð mæting og stemming og nefndin útbjó heitt súkkulaði og hafði kökur með. Gott start á vetrarstafinu.



Fyrirlestur og heimsókn til heimsmeistarans Benedikt Ólafsson

Næst á dagskrá var heimsókn til Harðarfélagans og heimsmeistarans Benedikts Ólafssonar í Ólafshaga. Benedikt tók einstaklega vel á móti þeim börnum og unglingum sem mættu. Hann sýndi þeim aðstöðuna sína, hrossin og talaði um þjálfun sína ásamt því að gefa góða punkta um hvernig er gott að undirbúa hrossin fyrir keppni. Sannarlega fyrirmynd sem gaman er að hafa aðgang að hér í félaginu.



Þrif á reiðtygjum og samvera

Æskulýðsnefnd í samstarfi við félagshestið bauð svo upp á þrif á reiðtygjum undir leiðsögn Nathalie Moser umsjónarmanns félagshússins.

Góð mæting þar sem unga kynslóðin gerði reiðtygin sín klár fyrir útreiðar vetrarins og fékk sér kakó og kökur í reiðhöllinni.



Rattleikur

Næst var farið í skemmtilegan rattleik sem leiddi þátttakendur um allt hesthúsahverfið með skemmtilegum ráðgátum. Þessi viðburður var ætlaður krökkum frá 10 - 16 ára aldri. Það var hægt að taka þátt einn eða tveir saman í teymi. Veglegir vinningar í boði fyrir þau fljótustu. Allir skemmtu sér konunglega og þetta hristi hópinn vel saman.



Opin þrautabraut fyrir Harðarfélaga

Í febrúar var boðið upp á opna þrautabraut heilan sunnudag í Blíðubakkahúsinu. Það var skemmtilegt tækifæri til að leika sér aðeins með hestinum sínum og ná betri stjórn. Fullkomið tækifæri að venja hestinn við allskonar æfingar og skemmtileg tilbreyting á móts við hefðbundna þjálfun. Krakkarnir fengu fullt af frábærum hugmyndum að fjölbreytni í þjálfun og lærðu hvert af öðru líka. Sannarlega viðburður sem við munum vera með oft, tilvalið fyrir allan aldur, hægt að teyma undir þeim sem þurfa og allir njóta sín.





Páskaleikir í reiðhöll Harðar

Laugardaginn 16. mars voru haldnir hinir árlegu páskaleikir þar sem um 40 krakkar mættu og leystu alls kyns skemmtilegar þrautir. Leikirnir hentuðu öllum aldri og höfðu krakkarnir gaman að því að spreyta sig á þeim undir dýnjandi tónlist og skemmtilegri stemmingu. Í lokin fengur allir þátttakendur páskaegg fyrir að taka þátt.



Æfingamót æskulýðsnefndar Harðar

Sunnudaginn 14. apríl var boðið upp á æfingamót í reiðhöllinni þar sem þær Ragnheiður Þorvaldsdóttir og Thelma Rut Davíðsdóttir sáu um að leiðbeina þátttakendum og veita umsögn og einkunn fyrir sýninguna. Hægt var að æfa sig í þrígangi, fjórgangi eða í raun og veru hverju sem er. Eftir æfingamótið bauð æskulýðsnefnd Harðar upp á pylsur og ís.

ÆFINGA MÓT

SUNNUDAGINN 14. APRIL FYRIR ÆSKULÝÐ HARÐAR Í REIÐHÖLLINI

SKRÁNING Í REIÐHÖLL KL.12-12:30 ÆFINGAMÓTIÐ HEFST KL.13

RAGNHEIÐUR ÞORVALDS OG THELMA MUNU LEIÐBEINA OG VEITA UMSÖGN

HÆGT ER AÐ ÆFA SIG Í ÞRÍGANGI, FJÓRGANGI, SÆÐI Í V1 OG V2

GRILLADAR PYLSUR, DRYKKIR OG ÍS Í BODI FYRIR ALLA

Smalamót Æskulýðsnefndar Harðar

Sunnudaginn 12. maí var haldið skemmti-smalamót þar sem boðið var upp á 6 skemmtilegar þrautir og frjálst val um í hversu mörgum þrautum tekið var þátt. Þetta var ekki keppni í hraða heldur frekar að leysa þrautirnar vel og vanda sig. Veittar voru ýmsar skemmtilegar medaljur eins og fyrir flottasta búninginn, besta smalann, flottustu gangtegundina og fleira. Eftir þrautirnar var boðið upp á léttar veitingar og drykki. Mótið var vel sótt og afar skemmtilegt, komið til að vera áfram í dagskrá æskulýðsnefndar.



Keppnishópur barna, unglinga og ungmenna

Settur var saman keppnishópur fyrir börn, unglinga og ungmenni sem stefndu á úrtöku og keppni á landsmóti hestamanna í júlí 2024 sem og önnur stærri mót ársins. Þar var haldið utan um hópinn og ýmislegt skemmtilegt og fróðlegt var innifalið í þeirri þátttöku. Steinar Sigurbjörnsson var þjálfari krakkanna í allan vetur og náði hann frábærlega vel til allra þar sem boðið var upp á einkatíma reglulega til að byggja þátttakendur upp og undirbúa sem best fyrir mót. Allir þátttakendur stóðu sig með sóma og gaman er að fylgjast með framtíð Harðarkrakka sem hestaíþróttafólk. Allir náðu árangri á sínum forsendum og bættu sig sem reiðmenn og hestana sína um leið. Meðlimir hópsins tóku þátt í nokkrum æfingamótum yfir veturinn þar sem þau fengu umsagnir dómara og Steinar var til taks að leiðbeina og fara yfir hverja og eina sýningu.

Landsmótsfarar héldu svo áfram hópinn og æfðu saman, félagið styrkti krakkana til að taka þátt á Landsmótinu, það eru ýmsir kostnaðarsamir þættir við slíkt þó mótið sé ekki langt úti á landi.



Íslandsmót barna og unglinga

Íslandsmót yngri flokka var haldið á félagssvæði Harðar í sumar. Það varð eitt stærsta slíka mót sem haldið hefur verið með 388 skráningum. Vallaraðstæður voru góðar og veðrið var næstum alveg til friðs. Mjög gaman að fá alla þessa ungu gesti að keppa sem voru hvert og eitt til mikils sóma og mótið tókst frábærlega vel. Fulltrúar bæjarstjórnar Mosfellsbæjar ásamt formanni LH og formanni Harðar veittu verðlaun á mótinu.

Æskulýðsnefnd Harðar stóð fyrir skemmtilegu bingó í einu af matarhléum mótsins og vakti það mikla lukku og virkilega flottir vinningar í boði. Styrktaraðilar þess eiga miklar þakkir skildar. Leynigesturinn og rapparinn EZZI kom og peppaði upp stuðið og hamborgaraveisla var í boði á góðu verði. Allir skemmtu sér vel og gleðin skein úr öllum andlitum.



Fleiri foreldra í nefndina

Eins og áður væri fengur að því að fá fleiri foreldra til að sýna þessu mikilvægu starfi áhuga og vera tilbúin að taka þátt í skipulögðu starfi nefndarinnar. Formaður hvetur eindregið foreldra til að láta gott af sér leiða og bjóða sig fram að vera í þessari nefnd þannig að hægt verði að bjóða upp á fleiri viðburði og dreifa vinnu við þá og þannig að byggja börnin okkar upp með okkur í hestaíþróttinni. Æskan er framtíðin okkar, við verðum að virkja unga hestafólkið okkar til að hafa gaman í hestamenskunni og ná sínum markmiðum á því sviði sem hver og einn velur sér. Framundan er þétt dagskrá næsta tímabils og margar góðar hugmyndir að viðburðum í farvatninu, samvera og ferðalög ásamt mótum og útreiðum. Hörður hefur metnað til að æskulýðsstarfið vaxi, ekki eingöngu til að styðja við keppnisknapa heldur líka til að styrkja börn og ungmenni félagsins til að njóta hestamennsku með velferð hestsins að leiðarljósi og að læra að bera virðingu fyrir fólki og umhverfi um leið og þau styrkjast sem knapar og þjálfarar.

Fyrir hönd æskulýðsnefndar
Hrafnhildur Jóhannesdóttir
formaður